

Skrifstofa Alþingis
b.t. nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. nóvember 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.

Fuglavernd mótmælir harðlega tillögu til þingsályktunar um að leyfa veiðar á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma. Álf er alfriðuð tegund og veiðitímabil grágæsar og heiðagæsar er nú þegar lengra en gott þykir. Mikilvægasta gagnrýnin snýr þó að því að farið sé fram á að veiða þessar tegundir þegar þær eru að snúa til baka frá vetrarstöðvum og á varptíma. Fuglavernd telur slíkt algjörlega óverjandi á siðferðilegum forsendum auk þess sem það stríðir gegn fjölþjóðlegum lögum sem gilda víðast hvar á vetrarstöðvum þessara fuglategunda (t.d. Fuglatilskipun Evrópusambandsins). Veiðar á þessum tegundum á varptíma stríða gegn öllum viðurkenndum, alþjóðlegum siðareglum og meginreglum um fuglaveiði og gegn alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt.¹

Tún og akrar eru eftirsótt fæðuöflunarsvæði fyrir gæsir og álfir. Veiðar þar eru því ekki mjög líklegar til að draga úr tjóni nema að stórfækka í stofnum þessara fugla, og þar sem álfir eru auðveld bráð er hægt að stráfella þær á ökrum eða túnnum úr fyrirsát. Ef slíkar aðgerðir yrðu leyfðar þá þyrfti að vera einhver vissa fyrir því hve margir skotnir fuglar væri nóg, og hvenær væri verið að setja stofninn í hættu. Ef samkomulag væri við þær þjóðir sem deila þessum fuglastofnum með Íslendingum um verulega fækkun í einhverjum þeirra, þá yrðu slíkar aðgerðir að fara fram á haustin og á vetrarstöðvum en fráleitt að hugsa sér að veiða fuglana á leið til varpstöðva, eða á varptíma. Gæsir eru nú þegar skotnar á ökrum, innan hefðbundins veiðitíma og hefur verið gert í mörg ár, og það í sjálfu sér hefur ekki haft fælingarmátt.

Hætt er við að alþjóðasamfélagið tæki það óstinnt upp ef Íslendingar ætluðu að leyfa álftráp, hvað þá á varptíma. Í Fuglatilskipun Evrópusambandsins, viðauka 2ⁱⁱ segir: „...82 bird species can be hunted. However, the hunting periods are limited and hunting is forbidden when birds are at their most vulnerable: during their return migration to nesting areas, reproduction and the raising of their chicks.“

Eins og bent er á í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni þá er líklegt að álfir sé skotin ólöglega en rannsóknir í Bretlandi þar sem álfir voru gegnumlýstar sýndu að um 13% íslenskra álfta



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

væru með blýhöggl í líkamanumⁱⁱⁱ. Þó að þetta ólöglega athæfi eigi sér stað þá rennir það ekki stoðum undir að leyfa það.

Miklu nær væri að finna leiðir til að fæla fugla frá þessum svæðum. Samhliða því að fæla fugla frá þeim svæðum sem þeir mega ekki vera á, mætti koma upp tünnum og ökrum sem þeim væri leyft að bíta, en það mundi eflaust auka árangurinn af fælingaraðgerðum ef fuglarnir gætu farið á önnur tún í staðinn. Það mætti e.t.v. hugsa sér að ríkisstyrkur kæmi til fyrir slík „fuglatún“.

Við gerð þessarar umsagnar var m.a. stuðst við grein Tómasar Grétar Gunnarssonar vistfræðings^{iv} og skýrslu um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra sem unnin var fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.^v

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

ⁱ Sjá m.a. bls.45

(https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhverfis-og_audlindaradherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird)

ⁱⁱ https://ec.europa.eu/environment/nature/legislation/birdsdirective/index_en.htm

ⁱⁱⁱ <https://fuglavernd.is/2019/10/14/illegal-hunting-of-whooper-swans-in-iceland/> ;
<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0006320711000759>

^{iv} https://tomasgretar.wordpress.com/2015/04/09/alftir_tjon/

^v Á bls. 239

(https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhverfis-og_audlindaradherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird)